



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Félagsmálaráðuneytið
Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2020
VEL2020090055

Efni: Krafa Reykjavíkurborgar um greiðslu kostnaðar vegna greiddrar fjárhagsaðstoðar til þeirra sem eiga rétt á félagslegum viðbótarstuðningi við aldraða.

Með bréfi sviðsstjóra velferðarsviðs til Tryggingastofnunar, dags. 29. september 2020, fór Reykjavíkurborg fram á að Tryggingastofnun ríkisins greiddi henni þann kostnað sem borgin varð fyrir vegna greiðslu fjárhagsaðstoðar, fyrir júlí til október 2020, til einstaklinga sem eiga rétt á félagslegum viðbótarstuðningi við aldraða samkvæmt lögum nr. 74/2020. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið er 29,5 m.kr.

Í svarbréfi Tryggingastofnunar, dags. 6. nóvember 2020, kemur fram að stofnuninni sé ekki heimilt lögum samkvæmt að greiða Reykjavíkurborg þann kostnað sem borgin fer fram á í erindi sínu. Í bréfinu kemur fram:

Í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 74/2020 kemur fram að hafi umsækjandi um viðbótarstuðning þegar fengið greidda fjárhagsaðstoð sveitarfélags á sama tímabili sem greitt er fyrir aftur í tímann skv. 4. mgr. 9. gr. skal viðbótarstuðningurinn nema mismuninum fyrir það tímabil. Það sama á við um þann mánuð er greiðslur hefjast. Þrátt fyrir að ákvæðið vísi í almennu heimildina til að sækja um viðbótarstuðning allt að þrjá mánuði aftur í tímann þá er það eina ákvæði laganna sem tekur á því hvernig greiðslum eigi að vera háttáð hafi umsækjandi fengið greiðslur frá sveitarfélögum. Ekki er gert ráð fyrir því í ákvæðinu að greiðslur eigi sér stað frá Tryggingastofnun til sveitarfélaga í þessum tilfellum.

Reykjavíkurborg vekur athygli á því að framangreind lög tóku gildi 1. júlí 2020 en komu ekki til framkvæmda fyrr en 1. nóvember sama ár. Á þeim tíma gátu einstaklingar ekki sótt um félagslegan viðbótarstuðning til Tryggingastofnunar og urðu að leita eftir fjárhagsaðstoð til framfærslu, jafnvel þó þeir ættu samkvæmt lögum rétt á félagslegum viðbótarstuðningi frá Tryggingastofnun á þessu tímabili.

Sveitarfélög hafa fram að þessu borið ábyrgð á framfærslu einstaklinga 67 ára sem hafa átt engin eða takmörkuð réttindi til lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar en umræddir einstaklingar falla nú undir lög nr. 74/2020. Með setningu umræddra laga er viðurkennd ábyrgð ríkisins á stuðningi við þennan hóp. Þar sem lögin tóku gildi þann 1. júlí 2020 verður að telja að einstaklingar geti byggt rétt sinn á lögnum frá þeim tíma þrátt fyrir að þau hafi ekki komið til framkvæmda fyrr en 1. nóvember 2020. Frá þeim tíma sem lögin tóku gildi hefur Reykjavíkurborg áfram tryggt þeim hópi fólks, sem lögin ná yfir, framfærslu og þannig varið réttindi þeirra til framfærslu enda gátu umræddir einstaklingar ekki leitað réttar síns samkvæmt lögnum fyrr en eftir 1. nóvember 2020. Það þykir því óréttmætt að ekki verði komið til móts við kröfu Reykjavíkurborgar um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna þeirra einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg á tímabilinu frá því að lögin tóku gildi og þar til þau komu til framkvæmda. Þrátt fyrir að ekki sé getið um það í 4. mgr. 9. gr. laganna að greiðslur eigi sér stað frá Tryggingastofnun til sveitafélaga þá felst í gildistöku laganna að ríkið ber ábyrgð á

framfærslu þeirra sem falla undir lögin. Í greinargerð sem fylgdi með frumvarpi sem varð að lögum nr. 74/2020 má ráða af umfjöllun um 4. mgr. 5. gr. að markmiðið með þeirri grein laganna sé að tryggja að greiðsluþegi fái ekki tvöfaldar greiðslur framfærslustuðnings fyrir sama tímabil, þ.e. annars vegar frá sveitarfélagi og hins vegar frá ríki. Í ljósi þess að fjórir mánuðir liðu frá gildistöku laganna þar til þau komu til framkvæmda, en á þeim tíma gátu einstaklingar sem falla undir lögin ekki leitað réttar síns samkvæmt þeim og urðu þar af leiðandi að leita eftir fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, verði að horfa til þess að með lögunum tekur ríkið ábyrgð á framfærslu þeirra sem falla undir lögin. Að þessu gættu sé ekki unnt að fallast á að Reykjavíkurborg eigi að bera þann kostnað sem hlaust af framfærslu þeirra einstaklinga sem falla undir umrædd lög, enda ákveðinn ómöguleiki í stöðunni með hliðsjón af því að lögin höfðu öðlast gildi en komu ekki til framkvæmda fyrr en fjórum mánuðum síðar. Með vísan til þessa sem og því að með lögunum var ábyrgð ríkisins á framfærslu þeirra sem falla undir þau viðurkennd fer Reykjavíkurborg fram á að félagsmálaráðuneytið hlutist til um að Tryggingastofnun greiði Reykjavíkurborg umbeðna kröfu.

Virðingarfyllt



Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri